# HÚNAÞING VESTRA - AÐALSKIPULAG 2014-2026

## BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HÚNAÞINGS VESTRA, STAÐFESTU 7. ÁGÚST 2014

## HRÚTATUNGA LÓÐ, LANDNR. 180672, VIÐ HRÚTATUNGU

## I-6 LANDBÚNAÐARSVÆÐI(L) VERÐUR IÐNAÐARSVÆÐI(I)




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR - MKV. 1:100.000, STAÐFEST 7. ÁGÚST 2014
SKIPULAG UNNIÐ AF: LANDMÓTUN




AUGLÝST TILLAGA Á AÐALSKIPULAGSBREYTINGU, DAGS. 3. JÚNÍ 2020.
IÐNAÐARSVÆÐI I-6 BÆTT INN Á SKIPULAGSUPPDRÁTT. MKV. 1:100:000

## SKÝRINGAR ÚR GILDANDI AÐALSKIPULAGI:




## GREINARGERÐ

Á 319. fundi skipulags- og umhverfisráðs, þann 2. apríl 2020, samþykkti ráðið erindi Landsnets um heimild til að láta vinna deiliskipulag fyrir tengivirkið á Hrútatungu lóð með landnr. 180672. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti bókun ráðsins á 326. fundi sínum þann 16. apríl 2020. Fyrirhuguð tillaga að deiliskipulagi kallar á breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Meðfylgjandi umsókninni var skipulagslýsing vegna deiliskipulag og breytingar á aðalskipulagi, útg. 1.1, dags. 27.03.2020. Lýsingin var auglýst frá 24. apríl 2020 til 17. maí 2020. Þar með var samráðs- og hagsmunaaðilum gefinn kostur á gera athugasemdir á upphafsstigi skipulagsins.

Alls bárust 5 umsagnir vegna skipulagslýsingarinnar sem voru hafðar til hliðsjónar við skipulagsvinnuna.

### Almenn lýsing breytingar

Iðnaðar- og athafnalóðin Hrútatunga lóð, landnr. 180672, liggur á árslettu, norðan í Hrútatungu í Húnaþingi vestra. Lóðin er 10010 m² að stærð, 110 m á lengd og 91 m á breidd. Á lóðinni er tengivirki Landsnets og spennistöð RARIK ásamt tækjarými. Aðkoma að svæðinu er um, um það bil 450 m langan slóða sem tengist Hrútatunguvegi(701) við brúna yfir Síká. Samkvæmt fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu, sem verður auglýst samhliða breytingu þessari, stendur til að bæta þá starfsemi sem fram fer á lóðinni með endurnýjun tengivirkis. Því er lagt til að landnotkun í aðalskipulagi verði breytt úr landbúnaðarnotkun (L) í Iðnaðarsvæði (I).

### Markmið

Helstu markmið aðalskipulagsbreytingar eru að:

- Framfylgja markmiðum gildandi aðalskipulags með því að styrkja tengivirkið í Hrútatungu.
- Samræma landnotkun í aðalskipulagi við starfsemi á svæðinu.

### Breytingar á skipulagsuppdrætti

Landbúnaðarsvæði á landi Hrútatungu lóðar, L180672, fær merkingu sem Iðnaðarsvæði með auðkennisnúmerið *I-6.*

### Breytingar í greinargerð

Í kafla 3.2.5 um Iðnaðarsvæði verði eftirfarandi bætt við töflu fyrir yfirlit iðnaðarsvæða í sveitarfélaginu:

| Nr. | Heiti svæðis | Lýsing | Jörð |
|---|---|---|---|
| I-6 | Hrútatunga lóð, L180672 | Tengivirki fyrir flutningskerfi rafmagns og spennistöð fyrir dreifikerfi. Stærð 10010 m². | Hrútatunga lóð, landnr.180672 |

### Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulagsbreytingin styður við fjölmarga þætti landskipulagsstefnu 2015-2026. Þar má nefna örugga afhendingu raforku, eflingu búsetu og samfélags í dreifbýli, eflingu ferðaþjónustu, samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf og fleira.

Í vinnslu er tillaga að deiliskipulagi fyrir Hrútatungu lóð, L180672, sem áformað er að auglýsa samhliða þessari aðalskipulagsbreytingu. Breyting þessi er í samræmi við fyrirhugaða deiliskipulagstillögu.

Breytingin er í samræmi við þinglýst skjal nr. 22411/1976 sem er lóðarleigusamningur ásamt lóðablaði.

Þá er aðalskipulagsbreyting þessi í samræmi við kerfisáætlun Landsnets 2020-2029.

### Umhverfisskýrsla

Ekki er talið að áhrif af þessari aðalskipulagsbreytingu á umhverfið verði mikil enda hefur tengivirki staðið við Hrútatungu síðustu áratugi. Hún fellur því ekki undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Breytingin er því gerð til að samræma aðalskipulag að núverandi notkun. Ekki eru friðlýst svæði í næsta nágrenni við skipulagssvæðið og svæðið er í töluverðri fjarlægð frá megin samgönguvegum og þéttbýlissvæðum.

Í deiliskipulagstillögu fyrir svæðið er gerð ítarlegri grein fyrir áhrifum á einstaka umhverfisþætti.

Breyting þessi á aðalskipulagi, sem hlotið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulags- og umhverfisráði Húnaþings vestra

þann __________ 20____ og

í sveitarstjórn þann __________ 20____

Tillagan var auglýst frá __________ 20____ með

athugasemdarfresti til __________ 20____.

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20____.


STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA
Aðalgötu 21, 550 Sauðárkrókur
Sími: 453 5050
Tölvupóstur: stod@stodehf.is


| Dags. | Skrá: | | | |
|---|---|---|---|---|
| 03. júní 2020 | 050202ASK Húnaþing vestra breyting Hrútatunga tengivirki AS01.dgn | | | |
| Dags. breytingar | Hannað/Teiknað: | Verknr.: | Blaðastærð: | Uppdráttur númer: |
| -- | BMÁ | BMÁ | A3 | AS01 |